
Minnisblað

Dagsetning: 4. desember 2021
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvornalæknir
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvornalæknis um sóttvarnaaðgerðir innanlands vegna COVID-19.

Núverandi bylgja COVID-19 sem hófst í seinni hluta júlí mánaðar 2021 og er enn í fullum gangi, er sú stærsta síðan heimsfaraldur COVID-19 skall á en rúmlega 11.000 manns hafa greinst í þessari bylgju. Bylgja er orsökun af delta afbrigði veirunnar sem hegðar sér að mörgu leyti öðru vísi en fyrri afbrigði. Það er til að mynda meira smitandi en fyrri afbrigði og sýkir bæði óbólusetta sem fullbólusetta þó að sýkingar séu hlutfallslega algengari hjá óbólusettum. Bylgjan hófst í kjölfarið á afléttingu allra takmarkana innanlands um mánaðarmótin júní/júlí og afléttingu flestra takmarkana á landamærum.

Mikil fjölgun smita og aukið álag á Landspítalann í kjölfar afléttinganna leiddi til þess að takmarkanir voru aftur settar 25. júlí sl. bæði innanlands og á landamærum. Helstu takmarkanir innanlands voru þær að almennar fjöldatakmarkanir voru miðaðar við 200 manns, nálægðarregla var miðuð við einn metra og grímuskylda var þar sem nálægðarregluna var ekki hægt að viðhafa. Opnunartími veitingastaða, kráa og skemmtistaða var þrengdur til kl. 23:00 með hámarksfjölda gesta 100 manns. Þá var heilsu-, líkamsræktarstöðvum og baðstöðum leyft að taka á móti 75% af leyfilegum hámarksfjölda. Í kjölfarið á ofangreindum takmörkunum fækkaði smitum og í lok ágúst var daglegur fjöldi smita kominn niður í um 50 og fjöldi innlagðra covid sjúklinga á Landspítala orðinn viðráðanlegur.

Í núverandi bylgju hafa 213 manns (2% allra sem greinast með COVID-19) þurft að leggjast inn á sjúkrahús vegna alvarlegra veikinda, flestir á Landspítalann en nokkrir á Sjúkrahúsið á Akureyri. Á gjörgæsludeild þurfti 41 að leggjast inn (0,4%), 24 þurftu á aðstoð öndunarvéla að halda (0,2%) og fimm létist (0,04%).

Þann 28. ágúst tók gildi ný reglugerð um innanlandstakmarkanir þar sem að nokkrar tilslakanir voru boðaðar. Fjöldamörk voru áfram miðuð við 200 manns, heilsu-, líkamsræktarstöðvum og baðstöðum var leyft að taka á móti hámarksfjölda gesta og eins metra nálægðarregla var felld niður hjá sitjandi gestum á viðburðum. Skemmti-, veitingastöðum og krám var jafnframt heimilt að taka á móti 200 manns í hólfum en opnunartími var óbreyttur til kl. 23:00. Slakað var á grímuskyldu utandyra og einkasamkvæmi leyfð eftir miðnætti. Lítil breyting varð á daglegum fjölda smita í kjölfarið á þessum tilslökunum.

Þann 15. september tók gildi ný reglugerð um tilslakanir innanlands sem gildi til 20. október. Almennar fjöldatakmarkanir voru miðaðar við 500 manns en með notkun hraðgreiningaprófa var leyfilegt að hafa 1.500 manns í hverju sóttvarnarhólfi. Einnig var slakað á grímuskyldu og nálægðarmörkum á sitjandi viðburðum, og veitinga- og skemmtistöðum leyft að hafa opið til kl. 24:00. Í kjölfarið á þessum breytingum þá jókst daglegur fjöldi smita lítillega; úr um 20 smitum á dag upp í um 40-60 smit á dag.

Í nýrri reglugerð um innanlandstakmarkanir þ. 20. október voru gerðar allverulegar tilslakanir. Fjöldamörk voru miðuð við 2.000 manns en með framvísun hraðgreiningaprófa var hámarksfjöldi á viðburðum ótakmarkaður. Nálægðarmörk voru áfram einn metri sem þó féll niður á sitjandi viðburðum og grímuskylda var gerð valkvæð. Opnunartími veitinga-, skemmtistaða og kráa var framlengdur til 01:00. Fljótlega í framhaldi af þessum tilslökunum þá tók smitum að fjölga og úr varð stærsta bylgja sem við séð til þessa í faraldrinum með miklu álagi á spítalakerfið.

Þann 10. nóvember sl. voru takmarkanir síðan aftur hertar þar sem að fjöldamörk voru miðuð við 500 manns en með hraðgreiningaprófum var leyft að halda viðburði fyrir 1.500 manns. Sömuleiðis var vinnveitingastöðum gert skylt að loka kl. 23:00. Þrátt fyrir þessar aðgerðir þá hélt smitum áfram að fjölga og voru takmarkanir hertar enn frekar skömmu síðar eða þ. 13. nóvember. Fjöldamörk voru miðuð við 50 manns sem mátti auka í 500 manns með notkun hraðgreiningaprófa, nálægðarmörk voru miðuð við einn metra milli ótengdra aðila og skylt að bera andlitsgrímu þar sem þau var ekki hægt að virða. Sund- og líkamsræktarstaðir máttu taka á móti 75% af hámarksfjölda gesta og veitinga- og skemmitstöðum gert að loka kl. 22:00. Þetta eru þær takmarkanir sem gilda í dag og hefur hægt og bitandi tekist að fækka daglegum smitum. Í dag eru þau komin niður í um 120 en enn er talsvert álag á sjúkrahúsum vegna COVID-19 og álag sömuleiðis umtalsvert hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og í smitrakningu.

Af ofangreindri upptalningu er ljóst að með samfélagslegum aðgerðum er hægt að hafa hemil á fjölda daglegra smita. Sömuleiðis er ljóst að verulegar tilslakanir hafa nánast undantekningalaust í för með sér fjölgun smita sem skapar álag á stóru spítala landsins. Þetta er í samræmi við það sem sést hefur í fyrri bylgjum COVID-19.

Miklar vonir voru bundnar í byrjun sumars 2021 við árangur bólusetninga gegn COVID-19. Í ljós hefur hins vegar komið að full bólusetning með tveimur sprautum veitir einungis um 50% vörn gegn smiti af völdum delta afbrigðis kórónuveirunnar en um 90% vörn gegn alvarlegum veikindum. Nýlegar rannsóknir frá Svíþjóð sýna enn fremur, að vernd bóluefnanna minnkar með tímanum og sjö mánuðum eftir seinni skammt bólusetningar er verndin gegn smiti orðin óveruleg þó hún sé til muna betri gegn alvarlegum veikindum. Þetta er í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur hér á landi en rúmlega helmingur þeirra sem greinast smitaðir eru full bólusettir og um 40-50% þeirra sem leggjast inn á sjúkrahús eru sömuleiðis full bólusettir. Hins vegar er verndin af bólusetningunum ótvíræð þegar litið er til alls þess fjölda sem er fullbólusettur því líkur á smiti hjá óbólusettum eru um þrefalt hærra en hjá fullbólusettum og líkur á sjúkrahúsinnlögnum eru um 5-7 sinnum hærra. Veikindi óbólusetta sem þurfa á innlögnum á sjúkrahús að halda eru að auki til muna meiri og langdregnari en þeirra sem eru fullbólusettir.

Vegna ófullnægjandi árangurs af tveimur skömmtum af bóluefnum var farin sú leið hér á landi að bjóða öllum 16 ára og eldri þriðja skammt bóluefnis, svokallaðan örvunarskammt sem gefinn er a.m.k. 5-6 mánuðum eftir skammt tvö. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að örvunarskammturinn bætir vernd gegn delta afbrigði veirunnar umtalsvert umfram hefbundna tveggja skammta bólusetningu og reynslan hér á landi bendir til hins sama. Í uppgjöri vísindamanna við HÍ (Thor Aspelund) kemur í ljós að vernd gegn smiti eftir örvunarskammtinn er 90% meiri en eftir skammt tvö þó ekki sé vitað á þessari stundu hversu lengi verndin varir. Áætlað er að búið verði að bólusetja flesta með örvunarskammti í febrúar/mars á næsta ári (2022). Sömuleiðis benda okkar gögn til að bólusetning barna 12-15 ára minnki verlega líkur á smiti hjá þessum aldurshópi en smit hjá börnum (einkum óbólusettum) er um 30% af öllum greindum smitum. Í undirbúningi er nú að hefja bólusetningu hjá börnum fimm til og með 11 ára og verður endanleg ákvörðun kynnt á næstunni.

Með tilkomu nýs afbrigðis kórónaveirunnar (omicron) þá hefur hins vegar skapast óvissa um þróun COVID-19 faraldursins hér á landi og í heiminum öllum. Nú hafa 10 greinst hér á landi og líklegt að fleiri greinist á næstu dögum og vikum. Flestir höfðu fengið grunnbólusetningu gegn COVID-19 (tvo skammta) en nokkrir höfðu að auki fengið örvunarskammt. Enginn hefur hins vegar veikst alvarlega, a.m.k. enn sem komið er. Omicron afbrigðið hefur nú breiðst út til flestra landa Evrópu auk margra landa í öðrum heimsálfum og er talið að smithæfni afbrigðisins sé meiri en fyrri afbrigða. Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) telur að miklar líkur séu á að þetta afbrigði kunnist að verða allsráðandi á næstu mánuðum.

Ýmislegt er þó óvitað um afbrigðið t.d. hversu mikil smithæfnin raunverulega er, hvort það valdi alvarlegum/alvarlegri veikindum, hvort fyrri sýking af völdum COVID-19 verndi gegn smiti og hvort þau bóluefni sem notuð hafa verið verndi. Líklega mun taka nokkrar vikur að fá svör við þessum spurningum.

Þannig erum við nú á miklum óvissutíma bæði hvað varðar núverandi bylgju af völdum delta afbrigðis kórónaveirunnar og þá þróun sem kann að verða á faraldrinum með tilkomu omicron afbrigðisins. Sú staða kann að koma upp að omicron afbrigðið sé meira smitandi en fyrri afbrigði, valdi verri sjúkdómi og að bóluefni og fyrri sýking verndi ekki gegn smiti. Þessi óvissa gefur tilefni til að fara varlega í tilslökunum innanlands og á landamærum á þessari stundu.

Ég legg því til óbreyttar sóttvarnaráðstafanir frá og með 9. desember 2021 og að reglugerð nr. 1266/2021 með seinni tíma breytingum verði framlengd í nokkrar vikur.

Þegar eiginleikar omicron afbrigðisins skýrast betur þá verður hægt að endurmeta núverandi sóttvarnaráðstafanir einkum innanlands. Ef sýnt þykir að afbrigðið er ekki að valda skæðum sjúkdómi og að bólusetning og fyrri smit af völdum COVID-19 verndar þá verða komar faglegar forsendur til að skoða eftirfarandi:

1. Undanskilja þá sem fengið hafa örvunarskammt frá fjöldatakmörkum og hraðgreininga- eða PCR prófum fyrir viðburði.
2. Endurskoða sóttkvíarreglur fyrir þá sem fengið hafa örvunarskammt.
3. Undanskilja börn yngri en 16 ára sem fengið hafa grunnbólusetningu (tvo skammta) frá fjöldatakmörkunum og hraðgreininga- eða PCR prófum fyrir viðburði.
4. Endurskoða reglur um sóttkví fyrir full bólusett börn.